

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/138*  
*komudagur 17. 11. 2003*



Samtök iðnaðarins  
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2003

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, 6. mál.**

Samtök iðnaðarins telja að aðrar lagfæringar í kerfi neysluskatta séu brýnni en að lækka lægra þrep virðisaukaskattsins úr 14% í 7% eins og ofangreint frumvarp gerir ráð fyrir. Ennfremur muni mismunun og neyslustýring aukast verulega. Samtök iðnaðarins leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins.

Í núverandi skattkerfi felst mismunun þar sem sumar matvörur eru í 14% þrepi en aðrar í 24,5% þrepi. Að auki búum við svo við tvöfalt kerfi neysluskatta á matvæli, og raunar miklu fleiri vörur, þar sem sumar vörur bera vörugjald auk virðisaukaskattsins. Með því að færa öll matvæli í 14% þrepið og fella niður vörugjöldin væri hægt að lækka reikning heimilanna svo um munaði samtímis því sem veruleg breyting yrði til einföldunar í skattkerfinu sem yrði öllum til hagsbóta og myndi bæta skattframkvæmd og skattskil.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að virðisaukaskattskerfið verði tekið til endurskoðunar á kjörtímabilinu með það í huga að bæta kjör almennings. Það er því kjörið tækifæri til þess að breyta lögum þannig að öll matvæli, hverju nafni sem nefnast, verði framvegis í sama vsk-þrepi. Sömuleiðis að vörugjöld verði felld niður af öllum matvælum.

Samtök iðnaðarins telja að núverandi fyrirkomulag á skattlagningu matvæla feli í sér mismunun og neyslustýringu sem sé í andstöðu við hugmyndir um réttlátt og hlutlaust skattkerfi og á skjön við alþjóðlega þróun á þessu sviði. Oftar en ekki er erfitt að átta sig á rökum fyrir skattlagningu sem þessari. Í því sambandi nægir að minna á að kolsýrt vatn ber 8 kr. vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt en sykrud mjólk ekkert vörugjald og 14% virðisaukaskatt.

Verði frumvarpið samþykkt eykst þessi mismunur verulega þar sem margar vörur munu þá bera 7% virðisaukaskatt á meðan aðrar bera 24,5% virðisaukaskatt og vörugjöld að auki.

Eftir því sem Samtök iðnaðarins komast næst er hvergi í Vestur-Evrópu, þar sem fleira en eitt þrep er í virðisaukaskatti, gerður greinarmunur á matvælum með þeim hætti að skipa þeim í mismunandi þrep.

Útgjöld heimilanna vegna þessarar sérstæðu skattheimtu eru verulegar. Samkvæmt upplýsingum frá tekju- og lagaskrifstofu ráðuneytisins má ætla að vörugjöld af drykkjarvörum hafi numið tæpum 600 milljónum árið 2002 (af innlendum 495 milljónum og innfluttum 102 milljónum). Vörugjöld af öðrum vörum s.s. súkkulaði, kexi, sultum o.fl. námu um 800 milljónum króna (af innlendum 160 milljónum og

innfluttum 638 milljónum). Samtals eru vörugjöldin af þessum matvælum tæpir 1,4 milljarðar króna. Ef reiknaður er virðisaukaskattur á þessa fjárhæð nemur hann um 340 milljónum og má því ætla að matarreikningur landsmanna sé um 1,7 - 1,8 milljörðum hærri en ella vegna vörugjalda á matvæli.

Ekki hefur tekist að afla fullnægjandi upplýsinga um hvaða fjárhæðir er að tefla ef vsk á þeim matvælum sem nú bera 24,5% verður lækkaður í 14% en ljóst að þær eru verulegar.

Það er þekkt staðreynd að matarreikningur íslenskra heimila er hærri en víðast hvar þekktist í samanburðarlöndum okkar. Samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar 1995 fóru að meðaltali 17,4% af útgjöldum íslenskra heimila til kaupa á matvælum. Af þessum 17,4% eru um 6,1% útgjöld vegna matvæla sem bera vörugjöld eða um 35% útgjaldanna. Að auki er talsverður hluti þeirra í hærri þrepi virðisaukaskattsins.

Breyting sú, sem hér er lögð til, vægi mjög þungt í því að lækka matarreikning íslenskra heimila og skila sér beint sem kjarabætur til landsmanna. Hún hefur að auki þann mikla kost að vera auðveld í framkvæmd, er fallin til þess að einfalda skattkerfið, draga úr mismunun og neyslustýringu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Jón Steindór Valdimarsson  
aðstoðarframkvæmdastjóri